

Merkingar matvæla

Þessum upplýsingum átt þú rétt á

Geymslupól

„Síðasti notkunardagur“/

„notist eigi síðar en“

Ekki má selja matvæli eftir þann dag, því þau eru ekki lengur örugg til neyslu.

„Best fyrir“

Það má selja matvæli þó „Best fyrir“ dagsetning sé liðin, ef aðgreind í verslun.

Heiti vörunnar

Aðalsalat

Krabbasalat

Með paprikubitum

Innihald:

Repjuollía, **krabbakjöt** (28%), vatn, sykur, edik, **eggjarauður**, paprika (4%), laukur, salt, bindiefni (E-405, E-415), krydd, bragðefni, rotvarnarefni (E-211)

Síðasti notkunardagur:

05.04.2016

Næringargildi í 100 g:

Orka	1944 kJ / 465 kkal
Fita	41 g
þar af mettuð	4,6
Kolvetni	13 g
þar af sykurtegundir	0,7 g
Prótein	11 g
Salt	0,71 g

Þyngd: 250 g

Kælivara 0 – 4 °C

Aðalsalat ehf.

Sólskinsgötu 1

121 Reykjavík

s. 555-6667

Netfang:

meistari@isl.is

Innihaldsefni

eru í röð eftir minnkandi magni.

Ofnæmis- og óþolsvaldar

eru merktir með skýrum hætti og aðgreindir t.d. með feitletrun. Þegar matvæli eru seld án umbúða á kaupandi rétt á upplýsingum um ofnæmis- og óþolsvalda og flest önnur atriði sem venjulega koma fram á umbúðunum.

Næringarmerking

Hún sýnir hve mikið matvæli innihalda af orku og ákveðnum næringarefnum í 100 g eða ml. Öll atriðin hér til hægri verða að koma fram í næringarmerkingu.

Skylt verður að næringarmerkja flest matvæli frá 13.12.2016

Heiti og heimilisfang

Fyrirtækið sem neytendur geta haft samband við vegna matvörunnar.

Magn innihaldsefna

Ef heiti vöru, myndir eða texti draga fram ákveðin innihaldsefni, eða neytendur tengja ákveðin innihaldsefni við heitið, þá verður magn þeirra (%) að koma fram.

Geymsluskilyrði

Kælivörur geymast við 0-4°C, frystivörur við a.m.k. -18°C. Rétt geymsla matvæla tryggir að geymslupólsmerking standist.

Aukefni eru merkt með flokksheiti sem lýsir tilgangi með notkun og E-númeri eða heiti aukefna.

Réttur neytenda

Bú átt rétt á aðgengilegum, nákvæmum, auðskiljanlegum og skýrum upplýsingum í skilgreindri lágmarksleturstærð um matvæli, á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku. Merkingar mega ekki vera villandi. Allar upplýsingar (nema geymsluþol) verða að vera tiltækar áður en kaup eru ákveðin í fjarsölu, s.s. í gegnum síma eða netið. Kynntu þér rétt þinn nánar á vef Matvælastofnunar, www.mast.is.

Upprunamerking

Uppruna er skylt að merkja á sum matvæli s.s. grænmeti og nautakjöt. Meira um það á mast.is.

Fullyrðingar

má nota, ef þær uppfylla ákvæði laga um leyfilegar fullyrðingar.

Næringarfullyrðingar

s.s. próteinríkur, fitulífill og Skráargatið draga fram jákvæða næringarþætti.

Heilsufullyrðingar

s.s. „D-vítamín stuðlar að viðhaldi eðlilegrar vöðvastarfsemi“ segja til um tengsl heilsu og matvæla eða efna í þeim.

Tómatar



Uppruni: Ísland Aldin garðyrkjustöð
Þyngd: 350 g Tómatateig 2
845 Flúðum

Nettómagn

Þyngd eða rúmmál matvæla án umbúða.

SKYR

Próteinríkt

Prótein stuðlar að vexti vöðvamassa

Innihaldsefni: Undanrenna, bláber (5%), sykur, maissterkja, bragðefni, jógúrtgerlar.

Best fyrir: 10.01.2016

Kælivara: Geymist við 0-4°C

Rúmmát: 200 ml

Næringarinnihald í 100 g:

Orka	188 kJ / 45 kkal
Fita	0,5 g
þar af mettuð	0,3 g
Kolvetni	4,5 g
þar af sykurtengundir	4,5 g
Prótein	5,4 g
Salt	0,1 g.

Aðalmjólk ehf Stjórnumstig 1, 800 Egilsstöðum



Tryggjum öryggi matvæla

Notum ekki matvæli eftir að „Síðasti notkunardagur“ er liðinn

Nýtum matvæli þó „Best fyrir“ dagsetning sé liðin, ef þau eru með eðlilega lykt, bragð og útlit

Minnkum matarsóun